



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á Landsmóti UMFÍ  
Sauðárkróki  
9. júlí 2004**

Ráðherrar, þingmenn  
Forysta UMFÍ  
Frábæra íþróttafólk  
Góðir landsmótsgestir

Nú er hátíð í Skagafirði, hátíð mannlífs, íþróttá, blómlegra byggða og merkrar sögu, hátíð keppni og sigra, hátíð minninga en líka fyrirheita um framtíðina.

Hér eru margar kempur frá fyrri tíð, íþróttahetjur sem þjóðin hefur hyllt og þakkað og örugglega eru á meðal keppenda nú margir sem eiga eftir að gera garðinn frægan.

Landsmótin eru þjóðlífshátíð, vitnisburður um öflugt starf í byggðum landsins. Hingað kemur æskufólk að austan og vestan, sunnan og norðan með drauma í brjósti, staðráðið í að sýna árangur af góðri þjálfun; æskufólk búið bjartsýnisanda og í keppnisskapi.

UMFÍ er sannkölluð þjóðarhreyfing með djúpar rætur um landið allt og saga hreyfingarinnar er samofin baráttu, sigrum og framför Íslendinga. Ungmennahreyfingin var í fararbroddi þegar þjóðin fyrir tæpri öld hóf lokasókn til sjálfstæðis og lagði grunn að samfélagsgerð sem síðar skipaði okkur í fremstu röð meðal þjóða heims; samfélagsgerð sem byggir á ræktun lands og lýðs og hefur samkennd gagnvart öllum að leiðarljósi.

Með slíkar hugsjónir í vegarnesti heldur Ungmennahreyfingin til móts við nýja tíma. Landsmótið hér í Skagafirði er glæsilegur vitnisburður um þróttinn og fjölbreytnina sem búa í hreyfingunni.

Æskulýðsstarf, íþróttir og uppeldi, þjálfun og þroski unga fólksins eru fjárfesting í framtíðinni, grundvöllur að forvörnum og heilbrigðu lífi, framlag sem kemur þjóðinni vel og ætti að launa ríkulega.

Ég færi UMFÍ þakkir fyrir frábær störf í áratugi, heillaóskir allra Íslendinga, þakka framlag ykkar til íþróttalífs um landið allt, þakka fyrir kjarkinn og sóknarandann, sjálfstraustið og gleðina sem þið hafið veitt þúsundum af ungu fólki.

Ég óska keppendum til hamingju með viðurkenninguna sem í því felst að hafa verið valin til landsmótsfarar og vona að minningar héðan verði ykkur hvatning til góðra verka alla ævi.

Enn á ný hafa Skagfirðingar búið gestum sínum glæsilega umgjörð, sýnt stórhug og myndarskap sem skapað hafa héraðinu glæsta sögu. Þið Skagfirðingar ættuð greinilega ekki í neinum vandræðum með að halda hér heimsmeistaramót í ýmsum greinum.

Landsmótið er svo sannarlega gleðitími og ég óska okkur öllum til hamingju með að það er nú hafið.